

Hafnarfjörður 13. febrúar 2025

**Erindi til Fræðslunefndar Mosfellsbæjar & Fræðslu- og frístundasviðs.**

**B/t. Ólöfu Kristínar Sívertsen, sviðsstjóra.**

**Efni: Stofnun unglingskóla í Mosfellsbæ**

Framsýn menntun ehf. óskar eftir formlegu samtali við Mosfellsbæ um stofnun unglingskóla í Mosfellsbæ þar sem nemendum í 8. - 10. bekk verður boðið upp á samþættingu grunnskólanáms og íþróttaiðkunar. Framsýn menntun ehf. hefur starfrækt sambærilegan grunnskóla undir nafninu NÚ í Hafnarfirði frá árinu 2016 og kynnti nýlega starfsemi NÚ fyrir embættismönnum Mosfellsbæjar (fylgiskjal 1). Í fylgiskjali 2 er að finna grófa rekstraráætlun sem útlistar nokkrum grunnforsendum í slíkum rekstri og byggir á reynslu okkur af sjálfstæðum skólarekstri og raunkostnaðartölum fyrir uppsetningu og leigu á tímabundnu skólahúsnæði. Ýmsir möguleikar eru fyrir hendi að setja upp slíkt skólahúsnæði, sem uppfyllir lög og skólahúsnæði, á og í kringum íþróttasvæði Aftureldingar (fylgiskjal 3). Í náinni framtíð má skoða mögulega samnýtingu NÚ og Aftureldingar á félags- og íþróttastöðu í eigu Mosfellsbæjar.

Virðingarfyllt, fyrir hönd Framsýn menntun ehf.

*Kristján Ómar Björnsson*